



Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 2	<b>Áfangalýsing FÉLA2BA05</b>	

<b>Búið til – útg.</b>	19. mars 2017
<b>Námsgrein</b>	Félagsfræði
<b>Titill</b>	Einstaklingur og samfélag
<b>Skammstöfun</b>	FÉLA2BA05
<b>Viðfangsefni</b>	Almenn kynning – einstaklingur og samfélag
<b>Staða áfanga</b>	Sampykkt af skóla
<b>Prep áfanga</b>	2
<b>Einingafjöldi áfanga</b>	5
<b>Lýsing áfanga</b>	<p>Í þessum byrjunaráfanga er fjallað um grunneiningar samfélagsins og þær skoðaðar af sjónarhorni félagsvísinda. Fjallað er um samfélagið í ljósi þeirra áhrifa sem það hefur á einstaklinginn og líf hans. Lögð er áhersla á að nemendur verði læsir á umhverfi sitt svo að þeir verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegum umræðum og mynda sér skoðanir á meðvitaðan og gagnrýninn hátt. Nemendur kynna sér félagslega þætti sem stýra hegðun og athöfnum einstaklingsins. Mikilvægt er að nemendur öðlist skilning á uppbyggingu og skipulagi eigin samfélags og annarra. Í áfanganum öðlast nemendur þekkingu á lýðræði, mannréttindum og jafnrétti út frá samspili manns og umhverfis í anda sjálfbærni.</p>
<b>Forkröfur áfanga</b>	Engar
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• algengum hugtökum sem notuð eru í félagsfræði og skyldum greinum</li> <li>• félagsmótun og hvernig hún hefur áhrif á líf hvers og eins</li> <li>• mikilvægum innviðum samfélagsins, svo sem fjölskyldu, trúarbragða, vinnumarkaðar og stjórnkerfis</li> <li>• hvernig samfélagið mótast einstaklinginn og hvernig einstaklingurinn mótast samfélagið</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• fjalla um ólíka afmarkaða þætti samfélagsins í ræðu og riti</li> <li>• beita aðferðum félagsfræðinnar við greiningu og túlkun upplýsinga</li> </ul>

Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	<b>Áfangalýsing FÉLA2BA05</b>	

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tjá sig um samspil félagsmótunar og einstaklings</li> <li>• beita skapandi hugsun og vinna á sjálfstæðan og ábyrgan hátt</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• yfirfæra þekkingu sína á félagsmótun og hvernig hún hefur áhrif á líf einstaklings sem er metið með verkefnum og prófum</li> <li>• taka virkan og ábyrgan þátt í lýðræðislegu samfélagi sem er metið með verkefnum</li> <li>• bera saman hugtök og hugmyndafræði til að mynda sér sértæka skoðun á helstu innviðum samfélagsins sem er metið með verkefnum og prófum</li> <li>• draga ályktanir um eigið samfélag og geta borið það saman við aðrar samfélagsgerðir sem er metið með verkefnum og prófum</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	Fjölbreytt námsmat í formi munnlegra og skriflegra verkefna. Bæði er um hóp- og einstaklingsverkefni að ræða. Nemendur taka auk þess nokkur próf yfir önnina.